

Stoðþjónusta

Grunnskólinn á Ísafirði starfar í anda hugmyndafræði skóla margbreytileikans sem þýðir að skólinn er fyrir öll börn hvar sem þau eru stödd líkamlega, andlega, félagslega, tilfinningalega og án aðgreiningar. Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) segir að grunnskóli skuli „haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins“. Einnig kemur fram í lögnum að „allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan“.

Við Grunnskólann á Ísafirði er stoðteymi sem nær yfir sérkennslu og stuðning við nemendur. Í stoðteyminu eru deildarstjóri stoðþjónustu, auk námsráðgjafa, þroskaþjálfara og sérkennara. Við skólann er starfrækt námsver þar sem nemendur í 5. – 10. bekk geta fengið aðstoð við námið, auk þess er stuðningur við nemendur með íslensku sem annað tungumál. Við skólann starfa 18 stuðningsfulltrúar.

Að vori sækja umsjónarkennarar um sérkennslu og/eða annars konar stuðning fyrir nemendur sína fyrir næsta skólaár. Umsóknir eru afgreiddar út frá skipulagi stoðþjónustu skólans. Sérkennslutímum er ráðað á árganga eftir þeim óskum, tekið er mið af greiningargögnum ef það á við. Forgangsröðun er endurskoðuð í kjölfar skimunarprófa, við annaskipti og oftast ef þörf er á.

Ef umsjónarkennari eða forráðamenn hafa áhyggjur af námi, þroska eða líðan nemenda er tilvísun fyllt út:

<https://www.isafjordur.is/static/files/Eydublod/Grunnskolaaldur/serfraedithjonusta-i-skola.pdf>

Deildarstjóri afhendir viðeigandi lista til foreldra og kennara og fulltrúi skóla- og tómsfundasviðs tekur svo við og vísar málum í farveg.

Ísafjarðarbær er með aðkeypta þjónustu skólasálfræðinga og talmeinafræðings sem koma með reglulegu millibili í skólann og sinna sínum störfum þar. Fulltrúi skóla- og tómsfundasviðs forgangsraðar tilvísunum til þessara sérfræðinga.

Skólinn er aðili að samráðsteymi skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar sem fundar einu sinni í mánuði.